Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 23. mars 2017
UST201703-087/B.S.
10.05.05

**Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi. Nesjavellir – sumarniðurdæling. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu dags. 9. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfissstofnunar um ofangreinda umsókn.
ON sækir um framkvæmdaleyfi til að farga upphituðu grunnvatni annars vegar í borholur HK-35 og HK-36 og hins vegar út í læk við Nesjavallavirkjun. Áætlað er að losa allt að 200 l/s af 30-40° C heitu vatni í lækinn. Ráðgert er að þessu vatni verði farga á tímabilinu 1. apríl-1. nóvember 2017.
Fyrirhugað er að taka í notkun nýjan kæliturn síðsumars 2017. Talið er að eftir það verði ekki af frekari losun vatns í lækinn og verulega muni draga úr þörf fyrir losun í borholur.
Eftirlit verður með förguninni í tveimur borholum og við Þingvallavatn.
Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd. Stofnunin telur mjög jákvætt að frá og með næsta hausti verði lokið förgun á heitu vatni sem staðið hefur yfir við Nesjavallavirkjun um árabil.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri